

# STJÓRNARTÍÐINDI B 3 — 1970

5. marz 1970.

241

Nr. 42.

## REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjarfjarðarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt, samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, skal innheimta með 100% álagi í Reykjarfjarðarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 51 10. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. marz 1970*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

19. febrúar 1970.

Nr. 43.

## HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Tálknafjarðarhöfn.

### I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar og stjórn.

#### 1. gr.

Tálknafjarðarhöfn takmarkast annars vegar af linu dreginni milli Sveinseyrar og Lambeyrar og hins vegar inn í fjarðarbotn.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálanna, undir yfirstjórn þess ráðuneytis, sem fer með hafnarmál hverju sinni.

Hver nýkjörin hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn, þrjá menn í hafnarnefnd og ákveður jafnframt formann hennar.

Hafnarnefnd hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast bókhald og fjárhald hafnarinnar og öll reikningsskil, svo framarlega, sem hreppsnefnd ákveður ekki aðra skipan. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast ásamt þeim.

Fyrir 15. september ár hvert, ber hafnarnefnd að hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina og sent hana samgönguráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum.

B 31